




# Menntun fyrir alla á Íslandi

Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar  
Helstu niðurstöður úttektaraðila  
Samþykktar aðgerðir



# Hér erum við stödd miðað við PISA





# Hvar erum við stödd í menntun fyrir alla ?

- ✓ Skiljum við öll á svipaðan hátt hugtakið menntun án aðgreiningar?
- ✓ Styður löggjöf og stefnumótun sveitarfélaga/skóla menntun fyrir alla ?
- ✓ Styðjum við fagfólkið okkar nægjanlega til að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar?
- ✓ Ráðstöfum við fjármunum rétt hvað varðar fullnægjandi árangur, jöfnuð og starfsþróun?
- ✓ Eru núverandi stjórnunarhættir og samstarf að styðja við menntun fyrir alla?
- ✓ Er grunnmenntun fagfólksins og starfsþróun í samhengi við menntun fyrir alla?



# Úttektin

- Aðferðin fólgin í tveimur lykilverkefnum
  - Framsetningu á æskilegum viðmiðum um menntun án aðgreiningar sem innlendir aðilar koma sér saman um
  - Söfnun gagna af hálfu Evrópumíðstöðvarinnar til að meta hvernig núverandi stefnumótun og framkvæmd þjónar settum viðmiðum
- Tímasetningar
  - Nóvember 2015 - samningur milli MRN og Em
  - 2016 – unnið að úttekt
  - Mars 2017 – niðurstöður kynntar
  - Maí 2017 – stýrihópur hefur störf
  - Ágúst 2017 – aðgerðaráætlun samþykkt



# Samstarfsaðilar verkefnis

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Aðilar sem undirrituðu viljayfirlýsingu um úttektina og innleiðingu tillagna
  1. Velferðarráðuneyti
  2. Sambands íslenskra sveitarfélaga
  3. Kennarasamband Íslands
  4. Heimili og skóli
  5. Skólameistarafélag Íslands



31. október 2017 / Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# Lokaskýrsla Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla á íslensku



<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/10/31/Lokaskýrsla-Evropumidstodvar-um-menntun-fyrir-alla-a-islensku/>



# Styrkleikar íslenska skólakerfisins

- Allir sammála um að mikilvægt sé að vinna að menntun án aðgreiningar
- Gildandi lög og mörkuð stefna mynda sterkan grunn
- Samhugur er meðal allra um kosti þess að byggja aðalnámskrá á tilteknum grunnþáttum
- Umtalsverður sveigjanleiki er í skólakerfinu og því svigrúm til að innleiða nýjungar
- Íslenska skólakerfið tiltölulega vel fjármagnað
- Vel útfærður rammi viðmiða um gæðamenntun
- Mikill skilningur allra á að mikilvægasta lyftistöngin til að auka gæði menntunar er fagleg starfsþróun starfsfólks skóla



# Staðreyndir um framhaldsskólastigið

- Nemendum í framhaldsskóla fækkað frá árinu 2011 (26.194) til 2014 (24.104)
- 2012 luku 45% íslenskra framhaldsskóla nema námi sínu á fjórum árum (OECD 68%)
- 2014 voru 21,9% ungmenna á aldrinum 15 – 19 ára ekki skráð í nám (OECD 13,7%)
- 61,7% ungmenna sinntu launuðum störfum (OECD 23,8%)





# Helstu niðurstöður úttektarinnar

- **Mismunandi skilningur er lagður í hugtakið menntun án aðgreiningar**
  - almennt lögð að jöfnu við þá tilhögun að nemendur sem greindir hafa verið með sérþarfir sæki almenna skóla og bekki
  - færri eru þeirra skoðunar að um sé að ræða leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun
  - um nemendur með mikla námshæfileika, innflytjendur, nemendur með félagslegan vanda, nemendur í áhættuhópi og nemendur sem ekki hljóta „greiningu“ er iðulega ekki fjallað í umræðu um menntun án aðgreiningar
- **Núverandi löggjöf og stefnumótun felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar**
- **Skýra þarf betur hvernig standa ber að framkvæmd menntunar án aðgreiningar**
  - mismunandi hugmyndir eru uppi um menntun án aðgreiningar í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og mismunandi túlkun og framkvæmd
  - ein stefna hefur verið mótuð, mismunandi væntingar til hennar eftir skólastigum
  - stefna hins opinbera á sviði menntunar án aðgreiningar stýrir ekki daglegu skólastarfi í mjög ríku mæli, heldur ræður stefna skólans sjálfs á þessu sviði þar mestu
- **Flestir telja núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni**



# Helstu niðurstöður úttektarinnar

- **Pörf er á skýrari leiðsögn um hvernig standa ber að því að fella þessi stefnumið inn í áætlanir sveitarfélaga og skóla**
  - Sumir viðmælendanna, einkum fulltrúar sveitarfélaga og grunnskóla, telja að stjórnendur framhaldsskóla hafi frjálsari hendur um rekstur og starfsemi skólans og þar sé því unnið að þessum málum með öðrum hætti en tíðkast í leik- og grunnskólum, og með ólíkum hætti frá einum framhaldsskóla til annars
  - Frelsi um rekstur og starfsemi framhaldsskóla getur orðið til þess að ójöfnuður á framboði og tilhögun náms er til staðar – „óbinbert val á nemendum“
  - Stangast framkvæmdin í grunnskólanum og framhaldsskólanum á við stefnumörkun ríkisins?
    - Grunnskólastigið með sérhæfðar sérdeildir og sérskóla
    - Framhaldsskólastigið með starfsbrautir
  - Mikið brotthvarf úr námi á framhaldsskólastigi vegna:
    - nemendur kunna ekki að meta námið ?
    - menntakerfið metur suma nemendur ekki að verðleikum ?
- **Efna þarf til víðtækrar umræðu um hvernig þjónusta á grundvelli sérúrræða geti nýst til að vinna að markmiðum opinberrar stefnu um menntun án aðgreiningar**



# Helstu niðurstöður úttektarinnar

- **Starfsfólk á öllum stigum skólakerfisins hefur ekki notið nægilegs stuðnings**
  - Skilgreina þarf betur hlutverk skóla, heilsugæslustöðva, félagsþjónustu og menntakerfis
  - Flestir skólar og kennarar á Íslandi glíma við þann vanda að eiga ekki kost á árangursríkum stuðningi til að koma til móts við einstaklingsbundnar námsþarfir.
  - Meiri hluti kennara svarar því til að þeim sé annaðhvort „að litlu leyti“ eða „alls ekki“ gefinn kostur á samstarfi við fagfólk úr öðrum greinum
  - Kennarar finna til einangrunar í starfi
  - Skólafólki þykir sem dregið hafi úr formlegum stuðningi í skólum enda þótt nemendum með sérþarfir í námi fari fjölgandi



# Helstu niðurstöður úttektarinnar

- **Taka þarf upp ýmsar aðferðir til að efla faglega starfsþróun í skólum og/eða þróa frekar þær sem nú eru notaðar**
  - Auka þarf beina æfingakennslu í skólum og aðra verkþjálfun í tengslum við grunnmenntun kennara
  - Koma þarf upp stuðningskerfi fyrir óreynda kennara í hverjum skóla, ásamt formlegri móttöku kennara sem nýlega hafa lokið námi
  - Auka þarf framboð á sérhæfðri þjálfun
  - Fjölga þarf tækifærum til að vinna úr og nýta góðan árangur af lærdómssamfélögum fagfólks
  - Tryggja þarf framboð á sameiginlegri þjálfun fyrir kennarahópa og allt annað starfsfólk skóla



# Helstu niðurstöður úttektarinnar

- **Grunnmenntun og starfsþróun**
  - Grunnmenntun getur ekki búið kennara og annað starfsfólk skóla með fullnægjandi hætti undir starf sem er í stöðugri þróun
  - Þörf er á að brúa bilið sem nú er milli grunnmenntunar kennara annars vegar og símenntunar og faglegrar starfsþróunar hins vegar
  - Efasemdir um að grunnmenntun og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf án aðgreiningar
  - Aðferðirnar sem nú eru notaðar til að fjármagna símenntun og faglegra starfsþróun eru almennt ekki taldar hagkvæmar
  - Fjármunir sem ætlaðir eru til símenntunar og faglegrar starfsþróunar, m.a. námsferða utanlands, fullnægja aðeins þörfum lítils hóps en ekki þeirra kennara sem séu „tregir til“ og kunni að hafa mesta þörf fyrir starfsþróun
  - Stefnan um menntun án aðgreiningar er ekki orðin föst í sessi í grunnmenntun kennara
  - Meiri hluti kennara (um 80%) hafa hvorki hlotið formlega þjálfun í kennslu án aðgreiningar né sérkennslu



# Hvað segja nemendur um menntun fyrir alla?

- Mjög mismunandi hvort leitað er eftir skoðunum nemenda
- Námið þarf að vera áhugavert
- Mikilvægt að nemendum finnist þeir velkomnir í skólann
- Finna fyrir leiða þegar þeim finnst lítið reyna á eða skólastarfið skipti ekki máli
- Of mikið treyst á hefðbundnar námsbækur í einstökum greinum
- Of mikið um að gert sé ráð fyrir að allir nemendur noti sömu námsgögn og fái við sömu verkefni á sama tíma






# Eru miklar væntingar um árangur hvers nemenda

- Margir í skólasamfélaginu telja að skólar og starfslið þeirra sýni ekki alltaf þann metnað fyrir hönd allra nemenda sem verið gæti
- Vaxandi ágreiningur um að hverju væntingar beinast, einkum á framhaldsskólastigi
  - Áherslan oft á bóknám og formlegt lokapróf
  - Námsbrautir sem miða ekki fyrst og fremst við lokapróf síður eftirsóknarverðar
  - Minni væntingar til nemenda í verknámi
  - Megináhersla á kennslu námsgreina og háar einkunnir
  - Minni áhersla á náms- og félagsþarfir nemenda
  - Nemendur hvattir til að velja bóknám án þess að þeim sé veitt fullnægjandi ráðgjöf, ein af ástæðum fyrir brotthvarfi úr námi
  - Minni væntingar til þeirra sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda vegna ógreindra sérþarfa og/eða aukinna hæfileika
  - Langt á milli þess að hafa miklar væntingar til nemenda og hins að geta sinnt námsþörfum jafnt þeirra sem hafa mesta og þeirra sem hafa minnsta getu
  - Væntingar til nemenda oft tengdar viðveru í skóla frekar en þátttöku í gæðamenntun fyrir alla




# Passar bókvitið í askana

<https://www.arionbanki.is/markadir/greiningardeild/greiningardeild-allar-frettir/2017/10/30/Passar-bokvitid-i-askana/>



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka.





**Þrjár mikilvægar og nátengdar lyftistangir fyrir þróunarstarf í skólakerfinu**



## SAMÞYKKTAR AÐGERÐIR



## 2. Löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins

- Aðgerðir:
  - Lýsa og greina núverandi verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem snerta menntun án aðgreiningar
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga
    - Samstarfsaðili: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
    - Tími: September 2017 – janúar 2018
  - Gera tillögur um aukið samstarf og eftir atvikum breytingar á regluverki sem bæta framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga
    - Tími: Janúar 2018 – mars 2018



### 3. Stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar festi í sessi stjórnskipulag og gæðastjórnunarkerfi sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum skólastigum

- Aðgerðir:

- Koma á samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga og annarra lykilaðila um samræmda stefnu um menntun án aðgreiningar
  - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
  - Samstarfsaðili: Velferðarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og aðrir lykilaðilar
  - Tími: Hefja í september 2017
- Skilgreina viðmið um framkvæmd stefnunnar um menntun án aðgreiningar
  - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
  - Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneyti, Menntamálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga
  - Tími: Mars – september 2018



## 4. Allir starfsmenn á leik-, grunn-, og framhaldsskólastigi geti ígrundað og sinnt daglegum störfum sínum með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og byggt þannig upp lærdómssamfélag

- Aðgerðir:
  - Styðja við skólastjórnendur á öllum skólastigum til að sinna hlutverki sem faglegir leiðatogar
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög
    - Samstarfsaðilar: Kennarasamband Íslands, Skólameistarafélag Íslands, kennaramenntastofnanir
    - Tími: Hefja í janúar 2018
  - Innleiða starfshætti lærdómssamfélagsins í öllum skólum
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög
    - Samstarfsaðilar: Kennarasamband Íslands, Skólameistarafélag Íslands, kennaramenntastofnanir
    - Tími: Hefja í janúar 2018
  - Skilgreina þjónustusvæði sem eru sameiginleg fyrir mentamál, heilbrigðismál og félagsþjónustu með það fyrir augum að styðja við menntun án aðgreiningar
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga
    - Tími: Desember 2018 – desember 2019



## 5. Fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár auki skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar

- Aðgerðir:
  - Gera úttekt á núverandi fjárveitingareglum á öllum skólastigum
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga
    - Samstarfsaðili: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Skólameistarafélag Íslands
    - Tími: Skólaárið 2017 - 2018
  - Leggja fram tillögur um fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár sem auka skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreininagr
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga
    - Samstarfsaðilar: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Skólameistarafélag Íslands
    - Tími: Skólaárið 2018 - 2019



## 6. Efla og samhæfa stuðningskerfi fyrir öll skólastig svo þjónustan verði samfelld í námsumhverfi menntunar án aðgreiningar

- Aðgerð:
  - Setja lágmarksviðmið um þjónustu á leik, -grunn- og framhaldsskólastigi
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga
    - Samstarfsaðilar: Aðilar að samstarfsyfirlýsingu um eftirfylgni úttektarinnar og undirstofnanir viðkomandi ráðuneyta
    - Tími: September – desember 2018



## 7. Grunnmenntun og fagleg starfsþróun grundvallast á stefnu um menntun án aðgreiningar svo allir geti tileinkað sér árangursríka starfshætti

- Aðgerð:
  - Kanna hvort og þá hvernig, aðgerðir um starfsþróun vegna menntunar án aðgreiningar falli að hlutverki og starfi samstarfsráðs um starfsþróun kennara og stjórnenda
    - Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
    - Samstarfsaðili: Samstarfsráð um starfsþróun kennara og stjórnenda, kennaramenntastofnanir
    - Tími: Skólaárið 2017 - 2018





# Samþykktar aðgerðir

Aðgerðir	2017		2018				2019			
	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
Allir sem vinna að menntamálum líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðanáms fyrir alla nemendur	[redacted]									
Löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins	[redacted]									
Stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar festi í sessi stjórnskipulag og gæðastjórnunarkerfi sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum skólastigum		[redacted]								
Allir starfsmenn á leik-, grunn-, og framhaldsskólastigi geti ígrundað og sinnt daglegum störfum sínum með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og byggt þannig upp lærdómssamfélag		[redacted]								
Fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár auki skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar		[redacted]								
Efla og samhæfa stuðningskerfi fyrir öll skólastig svo þjónustan verði samfelld í námsumhverfi menntunar án aðgreiningar				[redacted]						
Grunnmenntun og fagleg starfsþróun grundvallast á stefnu um menntun án aðgreiningar svo allir geti tileinkað sér árangursríka starfshætti	[redacted]									

# Samstarf og samtal



- Hvernig getur Félag framhaldsskólakennara unnið sem best að eftirfylgd tillagna úttektaaðila og innleiðingu samþykktra tillagna ráðherra?